

UPPHAF og saga ESB



Samantekt eftir
Jóhann Elíasson, viðskiptafræðing



Jóhann Eliasson, viðskiptafræðingur BSc

frá Háskólanum á Akureyri, rekstrarfræðingur frá Agder Distrikthøgskole í Noregi, iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands og stýrimaður (anað stig) frá Stýrimannaskólanum í Rvík.

Ég var mikill ESB sinni allt þar til ég tók mig til og kynnti mér almennilega sambandið en þá snérist hugur minn til ESB um 180°. Eftir því sem árin hafa liðið hefur miðstýringarárátta sambandsins aukist og alltaf aukast áhrif ESB á stjórnun landa innan ESB og landa innan EES (*Evrópska Efnahags Svæðisins*).

Íslenska stjórnarskráin heimilar EKKERT afsal fullveldis, því er spurning hvort EES samningurinn standist nokkuð stjórnarskrána og eigi ekki bara einfaldlega að segja samningnum upp? Upphafið að þessari samantekt var að ég las bókina „*The shocking history of the EU*“ eftir Vernon Coleman. Það kom margt fram í þessari bók, sem kom mér mikið á óvart en var stutt með ágætum heimildum. Því leitaði ég á netinu eftir fleiri bókum um þetta efni og fékk ég við leit vel á fjórða tug bóka um þetta efni. Það varð úr að ég keypti fjórar af þessum bókum og eftir að hafa lesið þær einnig og fengið staðfestingu á öllu sem ég hafði áður lesið og meira til, tók ég mig til og skrifaði eftirfarandi samantekt.

Nokkrir hafa komið að vinnunni við þessa samantekt, þar má nefna *Karl Smára Hreinsson*, *Theodór Hallsson* og *Ómar Skapta Gíslason*, sem lásu yfir og komu með margar góðar ábendingar.

Upphaf og saga ESB

Okkur hefur löngum verið talin trú um það að Kola- og Stálbandalagið (forveri ESB), hafi verið stofnað af þeirri hugsjón einni að í Evrópu verði **ALDREI** aftur stríð og lönd Evrópu myndu lifa í sátt og samlyndi til eilífðarnóns. En þetta er blekking og langt frá sannleikanum og eingöngu til þess að breiða yfir hvað raunverulega var í gangi og hefur verið síðan fyrstu hugmyndirnar um sameinaða Evrópu, komu fyrst fram.

Þeir aðilar sem stjórna ESB, hefur gengið **MJÖG** vel að halda fortíð ESB leyndri og öflugir PR-menn hafa í anda Göbbels hafa haldið úti **MIKILLI** áróðursherferð, í þeim tilgangi að halda fortíð ESB leyndri og „**hvitþvo**“ þær persónur, sem voru stofnaðilar ESB og viðhalda þeirri blekkingu sem hefur verið í gangi í áratugi.

Þessum aðilum finnst ekkert athugasvert við það að nota milljarða af fjármunum skattgreiðenda til áróðurs til þess að leyna fortíðinni. Í augum Nazista og annarra ráðamanna í byrjun ESB (til þess að einfalda málið er Kola- og Stálbandalaginu og öðrum nöfnum skellt saman í ESB eins og það er í dag), sáu **LÝÐRÆÐIÐ sem ÓÞÆGILEGT VANDAMÁL og algjöran óþarfa. Því ætti það ekki að koma neinum á óvart þótt ESB vinni þannig í dag að lýðræðið sé algjörlega hunsað.** Það sama er hægt að segja um sjálfstæði, menningu og endalasar reglur, sem ESB setur fyrir aðildarlönd sín og lönd innan EES (Evrópska efnahagssvæðisins).

Sumir hafa haldið því fram að eftir að markmið ESB „breyttist“ yfir í að sameina alla Evrópu hafi ásýnd og samskipti við ESB orðið erfiðari og hardari. En þetta er ekkert nýtt þetta markmið hefur verið til staðar allt frá fyrstu hugmyndum um ESB verið til staðar, þetta er bara orðið augljósara í dag. ESB er kynnt sem **LÝÐRÆÐISLEG** og **FRJÁLSLYND** stofnun sem setur þegnana í **FYRSTA SÆTI**. Það þarf ekki að leggjast í mikla rannsóknarvinnu til komast að þeirri niðurstöðu að ESB hefur „**skítfallið**“ á þessum sviðum. Sambandið er sérstaklega ólýðræðislegt og síður en svo frjálst og eina fólkið sem tillit er tekið til eru „**skrifinnarnir**“ sem stjórna hinum ýmsu stofnunum ESB. ESB snýst eingöngu um **STJÓRNUN** sem er andstæðan við **FRJÁLSRÆÐI**.

Það er alls engin staðfesting á því að ESB hafi nokkurn tíma tekið tillit til lýðræðislegra ákvarðana aðildarríkja sinna og ekki skiptir þá máli menningarlegt gildi, virðing fyrir gildum viðkomandi, saga þjóðarinnar eða nokkuð annað. **Allar ákvarðanir ESB eru teknar af „skrifnum“ ESB sem enginn hefur kosið til starfans og þessir sömu ókosnu „skrifnum“ senda frá sér lög og reglugerðir, sem ÖLL aðildarríki ESB VERÐA að beygja sig undir og fara eftir í einu og öllu.**

Áratugum saman hefur heimurinn verið þjakaður af **ÞREMUR**, spilltum og sjálfhverfum fjármálastofnunum, sem enginn virðist eiga og erfitt hefur reynst að koma böndum á, þetta eru; Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og Bank for International Settlements (BIS). Við skulum skoða vel þann þriðja í þessari upptalningu the Bank for Internatioanal Settlements (BIS). BIS er Seðlabanki seðlabankanna. Hann var stofnaður 1930 af seðlabönkum heimsins, þar með taldir the Federal Reserve Bank in New York, Bank of England og fleirum. BIS var hugarústur Hjalmar Horace Greeley Schacht, sem þá var aðalbankastjóri Þýska seðlabankans (The German Reichsbank). Schacht setti BIS á fót vitandi það að stríð yrði á milli Þjóðverja og annarra Evrópuþjóða og vildi tryggja það að Nazistar hefðu trygg og örugg samskipti á alþjóða fjármálamarkaði og treysti jafnframt á það að starfsemi bankans yrði ekki skoðuð. Áratugum saman var og er BIS einhver öflugasta bankastofnun í heimi. Starfsemi BIS, sem enn þann dag er seðlabanki seðlabankanna, er starfsemin svo leynileg að mjög lítið hefur fjallað um starfsemi bankans í heimsstyrjöldinni síðari, í bókum sem hafa fjallað um seinni heimsstyrjöldina. **En skjöl hafa sýnt óyggjandi fram á það að ún BIS og IG Farben** (sjá umfjöllun um IG Farben síðar) **hefði ekki orðið nein seinni heimsstyrjöld og ekkert ESB.** Í mars 1938 réðust herir Hitlers inn í Austurríki og eitt af því fyrsta, sem hersveitirnar gerðu, var ræna öllum gullforða þjóðarinnar og koma honum fyrir í hirslum BIS í Sviss. Aðrar hersveitir Nazista ætluðu að leika sama leikinn þegar var ráðist inn í Prag. Nazistarnir fóru í Tékkneska Þjóðarbankann og heimtuðu að bankastjórinn léti af hendi allan gullforða landsins að virði 48 milljónir dollara. Bankastjórinn sagði þeim þá að það væri nýbúið að flytja það til BIS með því fororði að það yrði sent áfram í The Bank of England.

Nazistarnir voru fljótir að breyta þessu, þannig að gullið stoppaði í BIS og fór andvirðið á þýska reikninga. Fram að stríðsbyrjun hafði BIS gert margra milljóna virði af gulli aðgengilegt fyrir Nazista. Árið 1940 var Ameríkani Thomas McKittrick settur aðalbankastjóri BIS og tók hann við starfinu af Leon Fraser. McKittrick var lögfræðingur og mjög hliðhollur Nazistaflokknum og undir hans stjórn hallaðist BIS mun meira í átt þess að vera angí af Reichsbankanum Þýska. Það er enginn vafi á því að McKittrick hafði mikla samúð með málstað Þjóðverja. Það eru til gögn um það að McKittrick hafi árið 1940, í stríðinu farið til Berlínar og fundað í the Reichsbank með Gestapo-mönnum.

Og BIS, undir stjórn McKittrick, hélt áfram að vera „milligönguaðili“ fyrir stolið gull fyrir Nazista.

Í gegnum alla seinni heimsstyrjöldina sá BIS um að koma illa fengnu gulli í „þvott“ í gegnum Svissneska Þjóðarbankann og síðan var það gert aðgengilegt fyrir Nazista hjá BIS. Til dæmis í júní 1940, „hvarf“ gull að verðmæti 228 milljóna dollara virði, sem Belgíska ríkisstjórnin reyndi að senda í „öruggt skjól“ hjá BIS í Sviss. Þá „hurfu“ einnig fjármunir frá Hollenskum yfirvöldum, sem einnig fóru í gegnum BIS til Nazista. Árið 1944 var í bókum BIS sagt að það gull sem Nazistar „áttu“ í hvelvingum BIS að virði 378 milljóna dollara. Árið 1948 var BIS gert að skila ÖLLU stolnu gulli í eigu Nazista til bandamanna, það var gert en upphæð þess gulls sem var skilað var eingöngu

FJÓRAR MILLJÓNIR DOLLARAR, eða um 1% af því sem var til staðar fjórum árum áður.

Enginn innan BIS gat gert grein fyrir því hvað varð um þessi hundruða milljóna virði af gulli, sem Nazistar höfðu safnað í hirslur BIS.

Það var árið 1925, **já takið eftir árið 1925**, sem grunnurinn að ESB var lagður með því að forsvarsmenn helstu fyrirtækja í Þýskalandi (Agfa, Bayer, BASF, Hoechst og fleiri Þýsk stórfyrirtæki) stofnuðu samtök sem kölluðust IG Farben. Markmið IG Farben var að ná stjórn á alþjóðlegum markaði innan vissra atvinnugreina – sérstaklega; Efnageirans, Lyfjageirans og Eldsneytisgeirans.

Sagan staðfestir að stofnun samtakanna IG Farben leiddi beinlínis til seinni heimsstyrjaldarinnar og ESB.

Árið 1933 ákveður stjórn IG Farben að byrja að fjármagna hinn rísandi pólitikus Adolf Hitler og flokk hans „**Hinn Þjóðlega Sósíalistiska Þýska Verkamannaflokk**“ (nafnið þótti mjög óþjálmt og fljótlega var þessi flokkur almennt kallaður Nazistaflokkurinn en þarna ætti að vera nokkuð ljóst úr hvaða umhverfi flokkurinn er upprunninn).

Stjórnarmenn IG Farben töldu að Nazistaflokkurinn myndi aðstoða þá við að ná markmiði sínu um alþjóðleg markaðsyfirráð. Það var einn af samstarfsmönnum Hitlers, Walter Funk (sem síðar var einn af stofnendum ESB og sagður faðir evrunnar. En nánar verður fjallað um hann síðar), en hann sannfærði IG Farben um að fjármagna Nazistaflokkinn.

Hitler og Nazistaflokkurinn áttu sér þann draum að sameina Evrópu og skyldi talað um „United States of Europe“ og skyldi Ameríka vera fyrirmyndin (enda er mikið af Þjóðverjum í Norður Ameríku). Það er engin tilviljun að alla tíð hefur ESB og Nazistaflokkurinn stjórnað fólkinu ólýðræðislega og af ókjörnum „skriffinnum“ og enn eru sömu stjórnarhættirnir við lýði. Alla tíð hefur það verið þannig og hefur haldist þannig, að Þjóðverjar stjórnuðu ESB og sambandið hefur snúist um hag Þjóðverja á allan mögulegan hátt og þannig er það í dag (skýrasta dæmið er hvernig var tekið á Grikklandi í „hruninu“). Í bréfi, sem var dagsett 20 júlí 1940, sem sent var af stjórnendum IG Farben (sem var þá þegar var orðið leiðandi afl á heimsvísu á sviði Efna- og Lyfjaframleiðslu), í þessu bréfi, sem var viðbragð IG Farben við beiðni Nazistaflokksins um „leiðsögn“ um „Nýja efnahagsstefnu fyrir sameinaða Evrópu undir stjórn Þjóðverja“. Tveim dögum seinna, var haldinn fundur í Efnahagsráðuneyti Þriðja Ríkisins undir stjórn efnahagsráðherrans Walter Funk.

Fundurinn fjallaði um „endurskipulagningu“ efnahags sameinaðrar Evrópu sem yrði stjórnað af Þjóðverjum, **þarna var í fyrsta skiptið, svo vitað sé, fjallað um sameiginlegan gjaldmiðil fyrir Evrópu.** Í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar var þörfin fyrir „ódyrt“ vinnuafli orðin mjög mikil hjá IG Farben. Þá var brugðið á það ráð, í samvinnu við yfirstjórn Nazistaflokksins, að byggja verksmiðju í nágrenni við útrýmingar-
arbúðirnar í Auchwitz, þar fékk IG Farben allt það vinnuafli sem þeir þurftu á að halda. Bayer, sem var hluti af lyfjageild IG Farben, gerði svo tilraunir með ný lyf á fongum útrýmingar-
búðunum í Auchwitz.

Þá er það staðfest að GASID, sem var notað í útrýmingarþúðum Nazista, í Evrópu sérstaklega í Þýskalandi og Póllandi, var allt saman framleitt af IG Farben.

Það sem kemur nokkuð mikið á óvart er hinn mikli stuðningur sem Nazistaflokkurinn fékk frá Bandaríkjunum á stríðsárunum og á eftirstríðsárunum. ***ALLAN TÍMANN FJÖLLUÐU NAZISTARNIR UM ÞAÐ HVERNIG ÞEIR ÆTTU AÐ STJÓRNA EVRÓPU HVORT SEM ÞEIR YNNU STRÍÐIÐ EÐA EKKI.***

ESB hefur ávallt átt í erfiðleikum með að skilgreina upphaf sitt og skilgreina og nefna kinnroðalaust, þá sem eru **“guðfeður”** og í raun stofnendur ESB. Allt fram á þennan dag hefur ESB **„sóttbreinsað“** fortíð forfedra sinna og öll tengsl þeirra við Nazista hafa verið þurrkuð út, þar sem því hefur verið viðkomið. En það er ekki hægt að þurrka út fortíð þessara manna úr opinberum skjölum. Það skal haft til hliðsjónar að áhrif og uppgangur Nazista hefði aldrei orðið í líkingu við það sem varð án stuðnings frá Bandaríkjunum, en það er fróðlegt að skoða tengsl Þýskalands við Bandaríkin bæði fyrir og eftir seinni heimsstyrjöldina. Án aðstoðar frá Bandaríkjunum hefði Nazistum aldrei tekist að koma ESB á fót. Þessir sterku aðilar voru fyrst og síðast; Allen Dulles, John Foster Dulles, Thomas McKittrick og John McCloy.

Þessir menn voru ekki **OPINBERIR MEÐLIMIR NAZISTAFLOKKSINS** en þeir voru einlægir aðdáendur stefnu Nazista og unnu sleitulaust að því að koma stefnumálum Nazista að. Allir þessir fjórir aðilar hefðu átt að verða dregnir til ábyrgðar fyrir landráð og stríðsglæpi en einhverra hluta vegna „sluppu þeir við það“. Þess fyrir utan voru tveir Bretar (Oswald Moseley og Montagu Norman) sem áttu stóran þátt í að aðstoða Nazista og spiluðu stórt hlutverk í því að aðstoða Nazista við að gera stofnun ESB að veruleika. Hér á eftir verður litillega fjallað um nokkra af þeim helstu sem voru helstu áhrifamenn stofnunar ESB og höfðu sterk ítök hjá Nazistaflokknum.

Robert Schumann (Luxemburgari 1886 – 1963) Robert Schumann var meðlimur í ríkisstjórn Paul Renauds, sem var við völd í Frakklandi þegar landið var hernumið af Nazistum í júlí 1940. Schumann hélt stöðu sinni í Marshall Petain ríkisstjórninni og 10 júlí 1940, sór hann Nazistum hollustu sína.

Í Nürnberg réttarhöldunum var Marshall Petain, dæmdur sekur um landráð og dæmdur til dauða. Þeim dómi var breitt í lífstíðar fangelsi en flestir aðrir í ríkisstjórn hans voru ekki einu sinni fangelsaðir og þaðan af síður látnir svara til saka að einu eða neinu leiti. Schumann var ástríðufullur stuðningsmaður Nazista og hann var einn af höfundum Evrópska Kola – og Stálsambandsins, sem síðar varð að ESB. Í dag er lítið á hann sem einn af stofnendum ESB.

Oswald Moseley (Breskur 1896 -1980) Oswald Moseley eyddi miklum tíma eftir seinna stríð í að berjast fyrir sameiningu Evrópu og árið 1953, stofnaði hann tímarit sem, fékk nafnið The European (Evrópubúinn) og árið 1958 gaf hann út bókina „*Europe: Faith and Plan – A Way Out from the Coming Crises and an Introduction To Thinking as a European*“. Moseley var ástríðufullur stuðningsmaður þess að Evrópa sameinaðist en af einhverjum ástæðum er hann ekki talinn vera einn af stofnendum ESB, þrátt fyrir að hann hafi átt margar af hugmyndunum að sameiginlegri stefnu í landbúnaði og sjávarútvegi svo ekki sé talað um miðstýrðar viðskiptablokkir. Hugmyndir sem ESB kynnir sem sínar í dag.

Montagu Norman (Breskur 1870 – 1950) Á meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð, aðstoði Montagu Norman Nazista við að „stela“ gullforða ríkja sem þeir höfðu hersetið. Hann var einn af höfundum og stofnendum BIS (Bank for International Settlements), sem varð helsti „þvottastöð“ Nazista fyrir illa fengið gull og aðra fjármuni, í seinni heimsstyrjöldinni. Í staðinn fyrir það að vera dreginn fyrir dóm og vera ákærður fyrir stríðsglæpi, var hann aðlaður og fékk tignina „**BARON NORMAN OF ST. CLERE**“ og sæmdur orðu fyrir „störf“ sín í stríðinu.

Jochim von Ribbentrop (Þýskur 1893 – 1946) Ribbentrop var ráðherra Utanríkismála, á Hitlerstímanum í Þýskalandi. Á skrifstofu Utanríkisráðuneytisins var unnið uppkast af því hvernig standa ætti að sameinaðri Evrópu. Eftir að Nazistar höfðu tapað orustunni um Stalíngrad, var ákveðið af SS og Hitler að leggja meiri áherslu á sameinaða Evrópu og styrkingu hennar til að verjast ágangi Rússa.

Þann 21. mars 1942, sendi Ribbentrop bréf til Hitlers, þar sem hann ítrekaði að það þyrfti „sterkt“ samband milli Þýskalands, Ítalíu, Frakklands, Danmerkur, Noregs, Finnlands, Slóvakíu, Ungverjalands, Búlgaríu, Króatíu, Serbíu, Grikklandi og Spáni (allt lönd sem voru hersetin af Nazistum).

Í sama bréfi lagði Ribbentrop til að stofnað yrði sambandsríki Evrópu (Sömu áhyggjur, vegna uppgangs Sovétríkjanna, voru einnig uppi í Ameríku og studdu þeir hugmyndirnar um sameinaða Evrópu). Nokkrum mánuðum síðar, nánar tiltekið 9 september 1943 lagði ráðuneytið til nákvæma útfærslu á því hvernig sameinuð Evrópa yrði uppbyggð. Þessi útfærsla er næstum algjörlega eins og ESB er útfært í dag. Þarna var gert ráð fyrir Evrópskum seðlabanka (European Centralbank), Evrópuráði. ***Segja má að ESB hafi fylgt ráðum Þriðja Ríkisins upp á punkt og prik.***

Thomas McKittrick (Ameríkani 1889 – 1970) McKittrick var Amerískur bankamaður og varð í stríðinu bankastjóri BIS (Bank of International Settlements). Hann hafði mikla samúð með málstað Nazista og var náinn samstarfsmaður Adólfs Hitlers. Hann notaði BIS til að aðstoða Nazista við að stela gulli og að „þvo“illa fengið fé, sem síðar var notað í stríðsrekstur Nazista.

Eftir stríðið varð McKittrick (hann var aldrei ákærður fyrir stríðsglæpi af neinu tagi) bankastjóri Chase National Bank þetta kom ekki á óvart þar sem Chase National Bank var í sterkum tengslum við Nazista öll stríðsárin. Chase National bankinn „seldi“ gyðingum sem komu til Ameríku dollara á yfiringi og er hann talinn hafa þénað á þessum viðskiptum að lágmarki 500.000 dollara. Enginn á vegum bankans var nokkurn tíma látinn svara til saka vegna þessara viðskipta eða nokkurra annarra viðskipta bankans við Nazista.

John McCloy (Ameríkani 1895 - 1989) Hann var fyrrum bankastjóri The World Bank og síðar eftir lok seinni heimsstyrldarinnar, varð hann stjórnarformaður Chase Manhattan Bank og Ford samsteypunnar. Hann beitti hinum gríðarlega miklu áhrifum sem hann hafði, til að stríðsglæpamenn Nazista yrðu látnir lausir og fengju sakaruppgjöf og stuðlaði þannig að því að þeir gætu unnið að stofnun ESB.

Walter Hallstein (Þjóðverji 1901 – 1982) Hallstein var á áratugunum 1930-1940, einn helsti höfundur laga í Evrópu. Hann var meðlimur í þjóðlegri Sósíalískri lögmannaefnd, sem hafði það sem höfuðmarkmið að Evrópa yrði sameinuð í eitt ríki og þar væru í gildi ein lög, sem giltu fyrir alla.

Hallstein var lagalegur ráðgjafi Nazista varðandi hvernig skyldi stjórna hernumdum löndum og hvernig ætti að „beygja“ lögin til þannig að þau brytu ekki í bága við stjórnarskrá viðkomandi ríkja. Þann 23 janúar 1939, þegar hann var deildarforseti yfir lögfræði-, Hagfræði- og Viðskiptadeildar í háskólanum í Rostock, hélt hann mikinn áróðursfyrirlestur þess efnis að Nazistar þyrftu að vinna sameiningu Evrópu og losa Evrópu við áhrif gyðinga og annarra „óæðri kynstofna“. Hann var Fyrsti forseti Evrópuráðsins og í dag er horft til hans sem eins af stofnendum ESB og eins helsta áhrifavalds á rekstur samtakanna í dag.

Ursula Gertrud von der Layen er fædd í Brüssel af Þýskum foreldrum 8. Október 1958, fæðingarnafn hennar Ursula Gertrud Albrecht. Faðir hennar, Ernst Albrecht, var einn af fyrstu starfsmönnum ESB (þá EBE) en hann var í fyrstu framkvæmdastjón EBE undir stjórn Walter Hallstein, sem hafði verið hagfræði prófessor við háskólann í Rostoc á stríðsárunum og ráðgjafi nasista í efnahagsmálum og meðlimur í nasistaflokknum. Walter Hallstein var fyrsti framkvæmdastjóri EBE (síðar ESB).

Fróðlegt er að lesa um ömmu og afa Ernst Albrecht, þau hétu Carl Albrecht og Mary Ladson Robertson, sem fluttu til Bandaríkjanna nánar tiltekið til Charleston í Suður Carolina og settu þar á fót bómullarræktun, sonur þeirra, James H. Ladson „átti“ meira en 200 þræla þegar umsvifin voru sem mest (sennileg útskýring á því að notast er við ættarnafnið Ladson er að Albrecht vísar til Þýsks upprunar fólksins, sem ekki átti mjög upp á pallborðið annars staðar en í Þýskalandi). Þess skal einnig getið að Ursula Gertrud von der Layen notaðist við ættarnafn og skírarnafn lang ömmu sinnar sem hafði flutt til Bandaríkjanna og var það Rose Ladson, þegar hún stundaði nám í London School of Economics, á seinni hluta sjöunda áratugarins. Hún fann sig ekki alveg eftir námið í London School of Economics og fór í læknanám í Hannover Medical School og útskrifaðist þaðan sem læknir 1987. Hún sérhæfði sig í heilsu kvenna.

Hún giftist 1986, lækni að nafni Heiko van der Layen og tók upp ættarnafn hans. Þess skal getið hér að maður hennar er prófessor í læknavísindum og varð seinna forstjóri Evrópudeildar Pfeizer lyfjarisans.

Walter Funk (Þjóðverji 1890 – 1960) Funk var ráðherra Efnahagsmála í ríkisstjórn Adolfs Hitlers. Hann var einn af fáum Nazistum sem hlutu fangelsisrefsingu í Nürnberggréttarhöldunum (fékk 25 ára dóm en aflánaði einungis þrjú ár og þannig var það með fleiri) og ræða hans **“Efnahagsleg endurskipulagning Evrópu”** er leiðarvísir stjórnkerfis ESB eins og það er í dag. Þessi ræða var haldin 25 júlí 1940 og þar voru teknir fyrir allir helstu þættir er snúa að milliríkjavíðskiptum og meira að segja þarna var gert ráð fyrir sameiginlegum gjaldmiðli. Alls staðar var gert ráð fyrir Þýskalandi í aðalhlutverkinu.

Það var svo ekki fyrr en 1988, sem draumur Walter Funks um sameiginlegan gjaldmiðil fyrir Evrópu lifnaði við. Sérstök nefnd var sett á fót (The Commotee for the Study of Economic and Monetary Union) til að undirbúa upptöku **evru**. Það var stofnaður nýr banki, Seðlabanki Evrópu (ECB) sem átti að stjórna hinum nýja gjaldmiðli og þá var ákveðið að Evrópubankinn (ECB) fengi algjört sjálfstæði frá Evrópuþinginu, eina stofnunin sem var yfir Evrópubankann sett var BIS. **Þannig**

má segja að bankinn, sem undir stjórn McKittreck höndlaði með gull að verðmæti hundruða milljóna dollara sem Nazistar stálu frá gyðingum, stjórnir núna efnahag meðlimshjóða ESB.

Það var svo ekki fyrr en árið 2002, sem evran var sett á fót og varð sameiginlegur gjaldmiðill innan ESB, rúmum 60 árum eftir að Funk fyrst kynnti hugmyndir sínar um sameiginlegan gjaldmiðil. Á þessu sést að Walter Funk var einn af helstu höfundum og einn af guðfeðrum ESB eins og það er í dag.

Nú skulum við líta á þátt Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni og þátt þeirra í að skapa ESB. Það er ekki almennt vitað, en fyrstu ár seinni heimsstyrjaldarinnar var mikið rætt um það hvort Bandaríkin ættu yfir höfuð að blanda sér í styrjöldina í Evrópu. **Þá var einnig heit umræða þess efni að ef Bandaríkin**

myndu blanda sér í stríðið hvorn stríðsaðilann ætti að styðja, Bandamenn eða Nazista. Það voru áhrifamiklir aðilar, bæði innan viðskiptalífsins og fjármála-geirans sem vildu styðja Nazista og skal sem dæmi nefna að Chase Manhattan Bank átti í miklum viðskiptum við Nazista í gegnum BIS og fjármagnaði mikið af stríðsrekstrinum, Standard Oil í New Jersey sá Nazistum fyrir eldsneyti, Ford smíðaði hertrukka fyrir Þjóverja og mörg önnur fyrirtæki komu við sögu. Svo virtist vera að þeir sem studdu það að Bandaríkin myndu stilla sér upp með Nazistum hefðu betur í þessari baráttu en þá gripu örlögin inn í baráttuna. Þann 7 desember 1941 gerðu Japanir loftárás á Pearl Harbour og þar með varð það ljóst með hvorum stríðsaðilanum Bandaríkin myndu stilla sér upp með. Þátttaka Bandaríkjanna olli straumhvörfum í seinni heimsstyrjöldinni, Bandaríkjamenn börðust við hlið bandamanna en hjartað var hjá Þjóðverjum og þar með Nazistum og þátttaka Bandaríkjanna í stríðinu hafði engin áhrif á ESB nema síður sé.

Grunnurinn að ESB var lagður af Nazistumen var „barn“ OSS (sem síðar varð CIA, þar sem Allen Dulles var forstjóri) en

Bandaríkjamenn voru augljóslega í hlutverki ljósmóðurinnar. Á innan við 50 árum höfðu Bandaríkjamenn tekið þátt í **TVEIMUR** styrjöldum í Evrópu, sem voru afar kostnaðarsamar og mann-fallið alveg gríðarlega mikið.

Bandaríkjamenn höfðu ekki nokkurn áhuga á einni styrjöld í viðbót þess vegna stukku þeir á vagninn með Nazistum með að stofna Bandaríki Evrópu. Það var ljóst frá upphafi að stofnun sameinaðrar Evrópu yrði stofnað í kringum Þýskaland, þrátt fyrir að Þjóðverjar hafi tapað stríðinu var lítið á þá sem lang öflugasta ríkið í Evrópu. Einnig var lítið til uppgangs Rússa og Sovétríkjanna og yrðu „**Bandaríki Evrópu**“ gott mótvægi við þann uppgang, sem var farinn að valda Bandaríkjamönnum verulegum áhyggjum.

Stofnun Kola – og Stálsambandsins (forveri ESB) Þann 18 apríl 1951 var svokallað „**Parísarsamkomulag**“ undirritað og upp ú því samkomulagi var Kola- og Stálsbandið stofnað í desember sama ár. Að Kola- og Stálsbandinu stóðu sex ríki

Vestur Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Benelux-löndin (Belgía, Holland og Luxemburg).

Um leið og Kola – og Stálsambandið hafði verið stofnað var stungið upp á að Evrópa kæmi sér upp sameiginlegum her, þannig að hugmyndin um Evrópuher er langt frá því að vera ný af nálinni. Árið 1989, þegar ESB undirbjó það að koma evrunni í gagnið, viðurkenndi Jelle Zijlstra fyrrverandi forsætisráðherra Hollands og stjórnarformaður BIS að Kola – og Stálsambandið hafi verið „**pólitísk tilraun**“ sem Þjóðverjar hefðu litið á sem „regnhlífarsamtök“ fyrir kola og stálframleiðslu sína. Það sem vekur sérstaklega athygli er það að Bretland var ekki á meðal þeirra sem tóku þátt í Kola – og Stálsambandinu. 1950, þegar fyrstu plönin um sambandið voru kynnt, gerði Breska ríkisstjórnin það alveg kristalstært að Bretar hefðu ekki áhuga.

Því hefur löngum verið haldið fram af Evrópusinum að Winston Churchill hafi verið mikill Evrópusinni og verið því mjög fylgjandi að Bretland gengi inn í ESB. Þetta er alls ekki raunin því hann á að hafa sagt; „**Ef ég ætti að velja á milli Evrópusambandsins og þess að sigla á bátsskel út á opið haf, myndi ég velja opna hafið**“. **Pressan á Breta að ganga til liðs við ESB kom frá Bandaríkjunum.**

Árið 1961 sagði Bandaríski forsetinn John F. Kennedy við Harold Macmillan þáverandi forsætisráðherra Bretlands að „Hvíta Húsið“ myndi einungis styðja Breta áfram, ef þeir myndu sækja um aðild að „Sameiginlegum markaði Evrópu“ (Sem var EFTA og var litið á það sem fordyri ESB) og viðurkenna að hið opinbera markmið Sambandsins þess, væri „pólitísk sameining álfunnar“ – **þar er kominn hinn frægi draumur Hitlers um sameinaða Evrópu.**

Og aftur árið 1966 ítrekaði forseti Bandaríkjanna Lyndon B. Johnson að Bretar ættu að ganga til liðs við Sameiginlegan markað Evrópu.

Ákvörðun var tekin í Utanríkisráðuneyti Bretlands að sambandið við Bandaríkin yrði það slæmt ef Bretland myndi ekki sækja um aðild að Sameiginlega markaðnum (EFTA) og með mikilli leynd, var Bretland orðið aðili að „EFTA“ án þess að almenningur fengi nokkru um það ráðið.

Það var svo árið 1973, sem Bretland sótti um aðild að ESB og enn einu sinni var ekki um neina þjóðaratkvæðagreiðslu að ræða heldur skrifaði Edward Heath, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, undir umsóknina. Því er haldið fram að Heath hafi ekki haft heimild

til að gera þetta, því að þessi gjörningur hafi brotið all freklega á stjórnarskrá Bretlands. En það hefur komið fram að Edward Heath hafi fengið greidd 35.000 Sterlingspund skattfrjáls fyrir svikin.

Árið 2016 voru Bretar búnir að fá nóg af „**lýðræðisskortinum**“ og „**midstýringartilburðum**“ ESB og það ár fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það hvort Bretland ætti að yfirgefa ESB. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni var samþykkt að Bretland gengi út úr ESB það hefur almennt verið kallað **BREXIT**. **Nú árið 2019 hefur Bretum ekki enn tekist að yfirgefa ESB, getur verið að textabrot hljómsveitarinnar Eagles, í laginu „Hotel California“ eigi við í sambandi við ESB „YOU CAN CHECK OUT ANY TIME YOU LIKE BUT YOU CAN NEVER LEAVE“.**

Það verður auðveldlega dregin sú ályktun að Bretar hafi verið þvingaðir til að ganga í ESB og þegar reynt er að leiðrétta það er mönnum gert eins erfitt fyrir og hægt er. Vegna þess hversu Bretar hafa greitt mikið til sambandsins, eru þeir mjög mjög mikilvægir fyrir ESB og er talið að afleiðingarnar af **BREXIT** verði mun alvarlegri fyrir ESB heldur en Breta og jafnvel gæti útganga Breta verið upphafið að falli ESB.

Þáttur fjölmiðla í Evrópu gagnvart ESB. Allir fjölmiðlar aðildarlanda ESB (27 en þar sem Bretum hefur ekki enn tekist að „ganga út úr sambandinu“, verður að segja að aðildarlöndin séu 28), eru undir hælnum á Brüssel-veldinu og eru á reiki sögur um mikinn fjárstuðning til fjölmiðla aðildarlandanna. Hér verður sérstaklega fjallað um hvernig BBC, hefur fjallað um ESB frá því að Bretar gengu í ESB árið 1973. Það er staðfest að BBC þáði 258 milljónir evra frá ESB á fimm ára tímabili. Þetta hefur BBC launað með „**JÁKVÆÐRI**“ umfjöllun um ESB til dæmis milli árána 2005-2015, fékk þátturinn „Today“, fékk 4.275 gesti í þáttinn til að tala um ESB þar af voru 132 sem voru andstaðingar ESB eða um 3,1% viðmælenda. **Hvernig ætli staða þessara mála sé hér á landi?**

Að lokum skal þess getið að starfsmenn ESB, eru með alveg sérstaklega góð laun og hlunnindi og það sem meira er þetta er allt **skattfrjálst**. Og þess fyrir utan eru sérstaklega „**rausnarleg**“ eftirlaun. En það er einn hængur á, **ESB krefst ALGJÖRRAR HOLLUSTU** að öðrum kosti missir viðkomandi vinnuna eða ef hann er kominn á eftirlaun missir viðkomandi þau.

Eins og Nazistar, stjórnar ESB með hræðsluáróðri, svikum, röngum upplýsingum og einelti, til að verja sig og áhrif sín.

Við ritun þessarar greinar, var stuðst við sex bækur, þessar bækur voru:

Moore, Sara, *The Fourth REICH?* (2016) London.

Bogdano, Vernon, *Beyond Brexit*, (2019), London.

Beddowes, J Daniel, *How the EU is destroying our world*, (2019), London.

Booker, Christopher, North, Richard, *The great deception*, (2016), London.

Coleman, Vernon, *The shocking history of the EU*, (2019), London.

King, Jack, *Indisputable evidence proving the EU was created by Nazis*, (2019), London.

